



Reykjavík, 24. apríl 2024

MSS24040057

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukin gatnaþrif í Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar þann 23. apríl 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs:

Lagt er til að gatnaþrif verði aukin í Reykjavík í því skyni að bæta hreinlæti í borginni og draga úr svifryksmengun. Stofnbrautir og tengigötur verði þvegnaðar a.m.k. nokkrum sinnum á ári til viðbótar hefðbundinni götusópun.

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgir tillögunni,

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg er grútskítug og mikilvægt er að auka þrifatíðni verulega. Tekið er undir tillögu um aukin gatnaþrif í Reykjavík. Götur sem eru þaktar fínum sandi og gúmmiögnum eru óholl blanda. Stefna ætti að því að þvo götur með vatni eins oft og unnt er eða þegar veðurfar leyfir. Sú lausn er alla jafna betri en að rykbinda með magnesíum klóríði. Hvert sem borgarfulltrúi Flokks fólksins fer um borgina er kvartað yfir skítugri borg. Hér þarf að gera miklu betur. Flokkur fólksins hefur einnig áður talað um hvað veggjakrot er áberandi í miðborginni. Gera þarf átak í að hreinsa veggjakrot af eignum sem borgin á og ber ábyrgð á. Sagt er að virkt eftirlit sé í gangi en fulltrúa Flokks fólksins þykir það ósennilegt. Fleirum þykir það ekki trúverðugt því stöðugt berast ábendingar um mikið veggjakrot. Kostnaður borgarinnar vegna veggjakrots var um 13,5 m.kr. árið 2022. Ekki er vitað um kostnað á síðasta ári 2023 en vert er að kalla eftir þeim upplýsingum. Eins má spyrja hvort það komi ekki til greina að hafa háar sektir við veggjakroti. Kostnaður við að þrifa veggjakrot er verulegur og stundum illgerlegt er að þrifa.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins



Reykjavík

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukin gatnaþrif í Reykjavík

Lagt er til að gatnaþrif verði aukin í Reykjavík í því skyni að bæta hreinlæti í borginni og draga úr svifryksmengun. Stofnbrautir og tengigötur verði þvegnar a.m.k. nokkrum sinnum á ári til viðbótar hefðbundinni götusópun.

Greinargerð

Mikil óhreinindi eru að jafnaði á götum Reykjavíkur í lok vetrar. Í þurrviðri þyrlast gjarnan upp rykmökkur á fjölförnum umferðargötum. Þar á meðal er svifryk, fínasta gerð óheilnæmra rykagna, sem á greiða leið í öndunarfæri borgarbúa. Auk slíkrar mengunar hefur rykmökkurinn sjónmengun í för með sér. Þá geta ryk og sandur á götum og stígum einnig skapað slysaþættu í umferðinni, ekki síst meðal hjólandi vegfarenda.

Svifryk mælist reglulega yfir heilsuverndarmörkum í Reykjavík. Við slíkar aðstæður er mælt með því að einstaklingar með viðkvæm öndunarfæri eða astma haldi sig fjarri fjölförnum umferðargötum þar sem ryk safnast gjarnan fyrir.

Sérfræðingar benda á að í þessu sambandi skipti það miklu máli að standa vel að gatnaþrifum, bæði sópun og vatnsþvotti. Þá er unnt að draga úr mengun með því að binda rykið með sérstökum efnum sem minnka svifryk í lofti. Margt bendir til að í baráttunni við svifryk felist besta forvörnin í því að leggja meiri áherslu á þessi tvö atriði: reglulegan vatnsþvott og rykbindingu.

Í mörgum erlendum borgum eru götur þvegnar mánaðarlega og jafnvel oft og áhersla einnig lögð á rykbindingu með sérstökum efnum. Rétt er að líta til reynslu slíkra borga þegar ákveðið er hvernig standa skuli að málum í Reykjavík.